

# GREINARMERKIN

## Hvernig hjálpa þau lestrarlaginu?

### Aldurshópur

Öll stig grunnskólans.

### Um aðferðina

Greinarmerki gefa lesurum vísbendingar um hvernig lesa eigi texta, bæði til að hann hljómi rétt og jafnframt til að merking textans komist til skila. Lesarar, sem hafa ekki náð góðu flæði í lestri, lesa oft með eintóna rödd og veita greinarmerkjum og innihaldi texta litla eða enga athygli. Með því að kenna nemendum okkar hvaða merkingu greinarmerkin hafa í lestri þá beinum við athygli þeirra að merkingu textans og þjálfum lesfimi þeirra. Aðferðin hentar vel til einstaklingskennslu eða til kennslu í litlum hópum.

### Markmið aðferðar

- Að vekja athygli á og kenna gott lestrarlag.
- Að auka lesfimi nemenda.
- Að auka lesskilning nemenda.

### Framkvæmd

Fara þarf yfir með nemendum hvað helstu greinarmerkin þýða varðandi framsögn/lestur. Best er að kenna eitt greinarmerki í einu og æfa það svo í beinu framhaldi og nokkur næstu skipti á eftir, áður en næsta greinarmerki er kennt.

<i>Punktur</i>	Röddin lækkar og gert er öndunarhlé.
<i>Upphrópunarmerki</i>	Orðið/málgreinin er lesin með hærri rödd og/eða meiri áherslu og gert er öndunarhlé.
<i>Spurningarmerki</i>	Röddin hækkar eða lækkar og gert er öndunarhlé.
<i>Komma</i>	Hægt á lestrinum og gert er örstutt öndunarhlé áður en setningin er kláruð.
<i>Gæsalappir</i>	Lesið textann eins og sögupersónan væri sjálf að tala.

# Greinarmerkin og góður lestur

● Röddin ↓ og við   
og gerum öndunarhlé.

! Röddin ↑ og við   
og gerum öndunarhlé.

? Röddin ↓ eða ↑ og við   
og gerum öndunarhlé.

,  og  örstutt áður en við  
klárum setninguna.

„“ Leiklesið!